



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 21/2013

Sölubann á snuð með ljósi á heimasíðu Glowoblikk.

I.

Málsmeðferð

Þann 7. ágúst 2012 barst Neytendastofu ábending varðandi öryggi snuða með ljósi sem seld voru á Landsmóti á Selfossi í ágúst sama ár. Umrætt snuð hafði verið keypt frá Glowoblikk. Í nefndri ábendingu kom fram að fjögurra ára gamalt barn hefði hlotið ljótan skurð í efri góm eftir að hafa dottið fram fyrir sig með snuðið í munnum með þeim afleiðingum að snuðið brotnaði í marga litla búta sem leiddi til fyrrnefndra áverka.

Með bréfi Neytendastofu til Glowoblikk, dags. 17. desember 2012, óskaði stofnunin eftir því að henni yrði afhent eintak af umræddu snuði auk allra nauðsynlegra upplýsinga um vöruna og hvernig öryggi hennar sé tryggt hjá framleiðanda, s.s. kröfur til framleiðslunnar, prófunarskýrslur og hvort og þá hvaða söðlum sé fylgt við framleiðslu. Í bréfinu var m.a. til þess vísað að árið 2004 hefði Neytendastofa sett tímabundið bann við sölu og afhendingu blikkandi snuða sem seld voru undir vöruheitinu „Flashing Pacifier with whistle“. Þá var einnig bent á heimild Neytendastofu samkvæmt lögum nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, til að afturkalla, taka af markaði eða banna sölu eða afhendingu vöru ef ljóst þætti að hún uppfyllti ekki reglur og kröfur sem gerðar væru til hennar enda væri ekki unnt að beita öðrum og vægari úrræðum.

Ekkert svar barst og var beiðni um eintak af vörunni og nauðsynlegum gögnum ítrekuð við Glowoblikk í samtali þann 19. febrúar 2012. Í nefndu samtali var tekið fram að varan væri



uppseld og að Glowogblikk teldi að hún væri ekki enn í umferð þar sem snuðin væru einnota dót og að rafhlaðan entist aðeins í nokkrar klukkustundir.

Stofnuninni bárust ekki umbeðin gögn og var ítrekuð með bréfi þann 29. maí 2013 beiðni um að afhent yrði eintak af snuði með ljósi ásamt gögnum sem sýnt gætu fram á hvernig öryggi vörunnar væri tryggt hjá framleiðanda, s.s. kröfur til framleiðslunnar, prófunarskýrslur og hvort og þá hvaða stöðlum væri fylgt við framleiðsluna. Þá var einnig tekið fram að leikföng sem markaðssett eru hér á landi eigi að vera *CE-merkt* en ekki sé heimilt að setja leikfang á markað nema það sé annað hvort hannað eða framleitt í samræmi við íslenska staðla sem innleiða samhæfða evrópska staðla eða hannað og framleitt í samræmi við eintak sem hlotið hefur gæðaviðurkenningu tilnefnds aðila innan evrópska efnahagssvæðisins og beri framleiðanda að lýsa því yfir að leikfang uppfylli allar kröfur reglugerðarinnar með samræmisyfirlýsingu. Þá var einnig ítrekuð heimild Neytendastofu til þess að leggja sölubann á vöruna.

Ekkert svar barst og var Glowogblikk send önnur ítrekun með bréfi Neytendastofu, dags. 20. júní 2013. Bréfið kom endursent og var afrit bréfsins því sent með tölvupósti þann 27. júní 2013 og jafnframt tilkynnt að hægt væri að sækja frumrit bréfsins til Neytendastofu.

Ekkert svar hefur borist.

II.

Niðurstaða

1.

Mál þetta varðar ábendingu sem barst Neytendastofu þann 7. ágúst 2012 vegna snuðs með ljósi sem hafði brotnað í munni barns með þeim afleiðingum að það hlaut skurð í efri góm.

Samkvæmt lögum nr. 62/2005, um Neytendastofu og talsmann neytenda, annast Neytendastofa framkvæmd laga um eftirlit með lögum nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu. Stofnuninni ber m.a. að hafa eftirlit með því að vörur á markaði uppfylli hverju sinni settar reglur um öryggi, sbr. 1. mgr. 11. gr. laganna. Samkvæmt reglugerð nr. 408/1994, um öryggi leikfanga og hættulegra eftirlíkinga, fer Neytendastofa m.a. með skipulegt eftirlit með vörum á markaði, þ.á.m hvort að varan samræmist sérstökum eða almennum kröfum sem gerðar eru til viðkomandi vöru. Með markaðseftirliti er átt við skipulegt eftirlit með vöru á markaði sem greinist annars vegar í markaðsskoðun og hins vegar í skipulega öflun upplýsinga um vöru á markaði, m.a. með því að taka á móti ábendingum um vörur sem taldar eru hættulegar, sbr. 6. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 408/1994.



Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 134/1995 mega framleiðendur einungis markaðssetja örugga vöru. Þá segir í 2. mgr. 2. gr. sömu laga:

„Vörur, sem ætlaðar eru til sölu, leigu eða hvers kyns annarrar afhendingar í atvinnuskyni á markaði, skulu vera þannig úr garði gerðar að þær fullnægi kröfum sem vegna almannahagsmuna eru gerðar til þeirra í lögum og reglugerðum eða stöðlum um öryggi vöru og vernd heilsu og umhverfis.“

Ákvæði 1. mgr. 8. gr. laganna er svohljóðandi:

„Örugg vara merkir sérhverja vöru sem við eðlileg eða fyrirsjáanleg notkunarskilyrði, þ.m.t. endingartíma, svo og kröfur sem gerðar eru um uppsetningu, viðhald og hvernig hún skal tekin í notkun, telst vera hættulaus fyrir einstaklinga, heilsu þeirra og eignir enda fullnægi hún almennum kröfum sem gerðar eru vegna almannahagsmuna um öryggi og vernd heilsu, svo og umhverfis. Við mat á öryggi vöru skal einkum haft til hliðsjónar:

- 1. Eðli vörunnar, þ.m.t. samsetning hennar, umbúðir og samsetningarleiðbeiningar og, þar sem við á, uppsetningar- og viðhaldsleiðbeiningar.*
- 2. Áhrif vörunnar á aðrar vörur ef fyrirsjáanlegt er að hún verði notuð með öðrum vörum.*
- 3. Framsetning vörunnar, merkingar og, ef við á, varnaðarorð og leiðbeiningar um notkun og förgun auk hvers kyns ábendinga eða upplýsinga um vöruna.*
- 4. Hvort varan er gerð fyrir tiltekinn markhóp neytenda sem getur stafað sérstök hættu af vörunni, t.d. börn og eldra fólk.“*

Samkvæmt reglugerð nr. 408/1994, er óheimilt að setja leikföng á markað hér á landi ef hættu er á að þau geti stofnað öryggi eða heilsu notenda og annarra í voða þegar þau eru notuð eins og til er ætlast eða fyrirsjáanlegt er að börn muni nota leikföngin miðað við eðlilega hegðun þeirra, sbr. 1. mgr. 3. gr. hennar. Þá verða leikföng einnig, í því ástandi sem þau eru, þegar þau eru sett á markað, og með hliðsjón af fyrirsjáanlegum og eðlilegum endingartíma þeirra, að standast þær öryggis- og heilbrigðiskröfur sem settar eru í viðauka II. með nefndri reglugerð.

Öll leikföng sem markaðssetja á hér á landi eiga að vera *CE-merkt*, sbr. 1. másl. 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 408/1994. *CE-merki* er merki til staðfestingar á því að vara fullnægi öllum skilgreindum grunnkröfum í reglugerðum og samhæfðum stöðlum, sbr. 2. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 408/1994. Ekki er heimilt að setja leikföng á markað hér á landi nema að þau séu annað hvort hönnuð og framleidd í samræmi við eintak sem hefur hlotið gerðarviðurkenningu tilnefnds aðila innan Evrópska efnahagssvæðisins. Framleiðandi skal lýsa yfir að leikfang uppfylli allar kröfur reglugerðarinnar með samræmisyfirlýsingu. Í nefndri reglugerð er með samræmisyfirlýsingu átt



við að framleiðandi sé ábyrgur á að vara hans, ferli eða þjónusta sé í samræmi við staðla eða önnur kröfuskjöl.

Samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 134/1995 hefur Neytendastofa heimild til þess að leggja sölubann á umrædda vöru, sbr. og 14. gr. reglugerðar nr. 408/1994. Í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 134/1995 segir:

„Torveldi framleiðandi eða dreifingaraðili sannanlega rannsókn eftirlitsstjórnvalda og skoðun vöru eða hefur ekki tiltæk fullnægjandi gögn um öryggi hennar getur eftirlitsstjórnvald afturkallað, tekið af markaði eða bannað sölu eða afhendingu hennar.“

Í 2. og 4. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 408/1994 segir:

„Ef ábyrgðaraðili torveldar skoðun eða rannsókn leikfanga eða eftirlíkinga eða hefur ekki tiltæk fullnægjandi gögn um öryggi þeirra getur [Neytendastofa] bannað sölu þeirra.

Þyki ljóst að leikföng eða eftirlíkingar uppfylla ekki settar öryggisreglur getur [Neytendastofa] bannað sölu þeirra.“

Þá kemur og einnig fram í 21. gr. laga nr. 134/1995 að eftirlitsstjórnvaldi beri að afturkalla, taka af markaði eða banna sölu eða afhendingu vöru ef ljóst þykir að hún uppfylli ekki þær reglur og kröfur sem gerðar eru um öryggi vöru enda sé ekki unnt að beita öðrum vægari úrræðum.

2.

Augljóst er að börnum stafar hættu af snuðum sem brotnað geta ef þau detta og er varan því bersýnilega í andstöðu við ofangreindar reglur sem fram koma í lögum nr. 134/1995 og reglugerð nr. 408/1994. Í ljósi þess að ekki hefur verið sýnt fram á að nefnd vara uppfylli ofangreind skilyrði verður að telja að varan sé ekki örugg í skilningi 8. gr. laga nr. 134/1995, og reglugerðar nr. 408/1994. Af þessu leiðir að ekki hefur verið sýnt fram á öryggi vörunnar og telur Neytendastofa því, með vísan til 2. mgr. 20 gr. laga nr. 134/1995, sbr. og 21. gr. sömu laga og 2. og 4. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 408/1994, ekki hjá því komist að banna hér með alla sölu og afhendingu umræddra snuða.

Af þessu leiðir að fjarlægja ber öll óseld eintök af markaði svo tryggt sé að markaðssetning þeirra sé tafarlaust stöðvuð. Hið sama á einnig við hjá endursöluaðilum.

Við rannsókn málsins var Neytendastofu tilkynnt að öll eintök umrædds snuðs væru seld. Við skoðun Neytendastofu á heimasíðunni www.glowogblikk.is, þann 26. september 2013, sést þó að varan er enn auglýst til sölu. Í 2. mgr. 8. gr. a. laga nr. 134/1995, segir að það að vara sé tekin af



markaði merki þá ráðstöfun sem miði að því að koma í veg fyrir að hættuleg vara fari í dreifingu eða sé sýnd eða boðin neytendum. Í sölubanninu felst því einnig að fjarlægja ber umrædda auglýsingu af heimasíðunni www.glowogblikk.is.

Löggildingarstofa (forveri Neytendastofu) hefur áður, árið 2004, sett sölubann á sambærilega vöru, með hliðsjón af ábendingu til allra ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu um hugsanlega hættu sem gæti stafað af því ef ung börn myndu nota slík snuð þar sem snuðin virtust ekki ætluð til sambærilegrar notkunar og hefðbundin snuð fyrir börn og því talin hætta á að snuðin yrðu tekin í misgripum. Var þá einnig varað við öðrum sambærilegum vörum.

Í 1. mgr. 22. gr. laga nr. 134/1995, kemur fram að eftirlitsstjórnvaldi sé heimilt í tengslum við afturköllun, þegar vara er tekin af markaði eða bann sem það leggur við dreifingu og sölu vöru samkvæmt þessu ákvæði að skylda framleiðendur og dreifingaraðila til að eyðileggja öll eintök vörunnar með öruggum hætti, ef nauðsyn þykir af eðli máls. Þá er einnig mælt fyrir um það í 4. málsl. 5. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 408/1994 að hægt sé að skylda ábyrgðaraðila til að eyðileggja öll eintök vöru með öruggum hætti, ef nauðsyn þykir til af eðli máls. Fer Neytendastofa því einnig hér með fram á að öll eintök vörunnar verði eyðilöggð ef eintök af henni eru enn til þar sem varan en enn auglýst til sölu á heimasíðunni www.glowogblikk.is.

Sölubann þetta tekur gildi við birtingu ákvörðunarinnar og gildir um óákveðinn tíma. Neytendastofa bendir á að samkvæmt 1. mgr. 25. gr. laga nr. 134/1995, varðað það dagsektum, allt að kr. 50.000 á sólarhring, ef ekki er farið að fyrirmælum stofnunarinnar.



III.

Ákvörðunarorð:

„HJ 13 ehf., eigandi vefsíðunnar Glowoblikk.is, Dvergholti 23, Hafnarfirði hefur ekki orðið við beiðni Neytendastofu um afhendingu nauðsynlegra gagna sem sýna fram á öryggi snuðs með ljósi. Með vísan til 2. mgr. 20. gr., sbr. 21. gr., laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbert markaðseftirlit, og 2. og 4. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 408/1994, um öryggi leikfanga og hættulegar eftirlíkingar, leggur Neytendastofa leggur hér með sölubann á snuð með ljósi. Sölubann tekur gildi við birtingu ákvörðunarinnar.

HJ 13 ehf. er, með vísan til 2. mgr. 20. gr. laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbert markaðseftirlit, gert að fjarlægja öll óseld eintök snuða með ljósi af markaði og að fjarlægja auglýsingu af vefsíðu félagsins Auk þessa ber að eyðileggja eintök snuða með ljósi sem enn kunna að vera í sölu ef einhver eru.“

Neytendastofa, 25. september 2013

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Helga Sigmundsdóttir